

Stjórnarfundur STEFs 26. ágúst 2021

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs mánudaginn 26. ágúst 2021 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Hildur kristín Stefánsdóttir og Páll Ragnar Pálsson. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 29. júní var samþykkt, svo og útdráttur úr fundargerð.
2. Fundargerð stjórnarfundar frá 5. júlí var samþykkt, svo og útdráttur úr fundargerð. Gerðar höfðu verið breytingar á fundargerðinni milli funda.
3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Nýtt skipurit skrifstofu.
- b) Bréf til ríkisstjórnar Íslands frá Samráðshópi tónlistariðnaðarins vegna samkomutakmarkana.
- c) *Skapandi Ísland* – Stöðumat og greining á áskorunum og tækifærum.
- d) Lit yfir innheimtu NMP hjá tónlistarveitum, sundurgreint eftir löndum fyrir fyrstu sjö mánuði ársins.
- e) Endurnýjun samnings við RÚV.
 1. Minnisblað STEFs til RÚV frá nóvember 2020.
 2. Drög að nýrri verðskrá fyrir útvarp og sjónvarp.
 3. Tillaga um aðlögun að nýrri verðskrá.

4. Stefnumótun stjórnar.

Lagðar voru fram að nýju niðurstöður stefnumótunarfundar með KPMG frá 20.05.2020.

Ákveðið var nánara fyrirkomulag stefnumótunarfundar, sem haldinn verður þann 11. október. Rætt var um að fá nefnd STEFs, sem er að endurskoða úthlutunarreglur, til að koma á fundinn og fara yfir afrakstur vinnu sinnar. Þá var ákveðið að fá Sævar Kristinsson hjá KPMG til að stýra stefnumótuninni.

Í tengslum við stefnumótunina var rætt um ímynd og logo eða merki STEFs og hvort kominn væri tími á að breyta því. Stjórnin taldi ekki þörf á slíku og var mjög sátt við merki STEFs eins og það er, en taldi heimilt að fara frjálsglega með liti þess og uppsetningu eftir því sem hentar í hvert sinn.

5. Ólögleg dreifing efnis – lokun á lén – Síminn.

Minnisblað um stöðu máls lagt fram og bréf til Símans frá rétthafasamtökum.

Farið var yfir forsögu málsins. Stjórnin samþykkti að eiga aðild að lögbannsmáli á hendur Símanum, komi til þess að nauðsyn krefji að fara í slíkt mál. Taldi stjórnin þó mikilvægt að breið samstaða væri um slíkt mál meðal höfundaréttarsamtaka.

6. Lágmark úthlutunarfjárhæðar.

Ákveðið var að við næstu aðalúthlutun (og framvegis þar til annað verður ákveðið) verði lágmark úthlutunar fært niður í 129 kr. Þeir fjármunir sem ekki er hægt að úthluta vegna fjögurra ára fyrningar skuli renna til Ferðasjóðs STEFs. Um fyrirkomulagið til framtíðar verður síðan rætt nánar í tengslum við endurskoðun úthlutunarreglna STEFs.

7. Önnur mál.

- a. Ósk *Myndstefs* um sameiginlega fyrirspurn um stefnu flokka í málefnum höfundaréttar. Tekið var jákvætt í þessa beiðni. Svör flokka verða birt á Facebook-síðu STEFs.
- b. Yfirlit yfir fundardaga vetrarins. Farið var yfir fyrirhugaða fundardaga og tíma.
- c. Þórunn Gréta minntist á að það hafi komið fyrir að í póstum milli stjórnarmanna, að rætt hafi verið um nafngreinda einstaklinga. Heppilegast sé að stjórnarmenn eyði út slíkum póstum um leið og ekki er lengur verið að vinna að viðkomandi málefni.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 11:40.